

## Fundargerð

46. fundur erfðanefndar landbúnaðarins  
Haldin á Keldnaholti 6. desember 2023 kl. 13:00 – 15:00

Mættir: Árni Bragason (ÁB), formaður, Ólöf Ósk Guðmundsdóttir (ÓÓG), Brynja Hrafnkelsdóttir (BH), Birna Kristín Baldursdóttir (BKB), Leó Alexander Guðmundsson (LAG) og Þorvaldur Kristjánsson (ÞK)

Fjarverandi Pawel Wasowicz (PW).

BKB ritaði fundargerð. Formaður setti fundinn.

1. Samþykkt dagskrár  
Dagskrá samþykkt án athugasemda
2. Samþykkt fundargerðar frá 46. fundi nefndarinnar  
Fundargerð samþykkt án athugasemda
3. Staðamála frá síðasta fundi (BKB)
  - Fundur hjá húsdýraráði Nordgen 15.-16. nóvember í Alnarp, Svíþjóð sem BKB sótti.
    - Rætt um að gefa út skýrslu um stöðu norrænna húsdýrakynja sem yrði uppfært á 3-5 ára fresti.
    - Farið var yfir stöðu skráninga í DAD-IS gagnabanka BKB hefur séð um að uppfæra fyrir Ísland.
    - CryoStore verkefni fjármagnað af EU í fjögur ár og meiningin að ráða 10 doktorsnema í verkefni. Markmið að fara yfir verkferla við frystingu, þýðingu, íblöndunarefni, geymslu, mengun o.fl.
    - 40 ára afmælisráðstefna húsdýraráðs verður haldin í Uppsala, Svíþjóð dagana 7.-8. Febrúar. Egill Gautason verður með erindi um uppruna, sögu og nýtingu íslensku kýrinnar. Nemendum hefur verið boðið að vera með veggspjöld og einnig óskað eftir veggspjöldum frá hverju Norðurlandanna.
    - Rætt var um stöðu færeyska hestsins sem er í bráðri útrýmingathættu, á síðasta ári fæddust aðeins fjögur folöld. Vilja fá að flytja út hesta og reyna að skapa markað til að hægt sé að fjölga í stofninum.
  - BKB verið í sambandi við finnska genbankann fyrir hænsn um að fá að nýta rafrænan grunn sem þau nota til að halda utan um sína stofna fyrir íslenska hænsnastofninn.
  - Eftirfylgni með verkefnum sem erfðanefnd hefur styrkt. Eigenda- og ræktendafélag landnámsheimsna (ERL) hefur unnið að því að ná utan um fjölda fugla og eigenda.
  - Sæði var safnað og fryst í október úr sex geithöfrum. Fjórir aðilar hafa nýtt sæðingar í haust og 65 huðnur verið sæddar.
  - Niðurstöður riðurannsóknna hafa verið kynntar á fundaröð RML, MAST og Keldna.
  - Forystufjársetur hefur unnið að því að fá viðurkenningu á séstöðu forystufjár hjá UNESCO. Slík viðurkenning gæti aukið áhuga á ræktun forystufjár. Haft hefur verið samband við menningarráðuneytið um leiðbeiningar við slíka umsókn.
  - Vinna er í gangi við uppfærslu landsáætlunar um varðveislu erfðaauðlinda í íslenskri náttúru og landbúnaði 2024- 2028.

#### 4. Rekstur 2023 og áætlun 2024

<b>Erfðanefnd landbúnaðarins</b>	
Rekstraryfirlit 2023	
<b>Tekjur:</b>	
Óráðstafað eigið fé 31.12.2022	6.225.446
Framlag til nefndarinnar samkvæmt samningi við MAR fyrri hluti	6.885.163
Framlag til nefndarinnar samkvæmt samningi við MAR seinni hluti (áætlað)	1.800.000
Endurgreiðsla frá ERFPP vegna fundar	78.668
<b>Samtals</b>	<b>14.989.277</b>
<b>Gjöld:</b>	
LbhÍ v/ erfðalindaseturs á Hvanneyri	3.842.000
BSV v/ræktunar forystufjár, ferhyndra og feldfjár	130.000
Styrkir fyrri hluta greiðslur	4.650.000
Auglýsing v/ styrkja Bændablaðið	81.232
ERFP árgjald (hefur verið 800 evrur)	122.519
ERFP fundur/Birna	83.656
Eftirstöðvar styrks (2019) Erfðabreytileiki og erfðatengsl urriða á Íslandi	200.000
Eftirstöðvar styrks (2020)/Arnar Pálsson/Kyn og stórfiskagen í ísl. laxveiði	225.000
Eftirstöðvar styrks (2020)/Forystufjársetur/Skráning forystufjár	225.000
Eftirstöðvar styrks (2021)/Birna K. o.fl./Arfgerðagreining geita m,t,t, riðu	225.000
Eftirstöðvar styrks (2021)/Ólöf Ósk o.fl./Arfgerðagreining á muskótturm li	93.750
Eftirstöðvar styrks (2021) Anna Guðrún Þórðardóttir MS verkefni	225.000
<b>Samtals</b>	<b>10.103.157</b>
<b>Ógreiddar eftirstöðvar styrkja:</b>	
Ógreiddar eftirstöðvar styrkja 2019	225.000
Ógreiddar eftirstöðvar styrkja 2020	165.000
Ógreiddar eftirstöðvar styrkja 2022	250.000
Ógreiddar eftirstöðvar styrkja 2023	1.550.000
<b>Samtals</b>	<b>2.190.000</b>
<b>Eigið fé:</b>	
áætlaður rekstraafgangur 31.12.2023	4.886.120
<b>Samtals óráðstafað eigið fé 31.12.2023</b>	<b>4.886.120</b>
<b>Eigið fé að frádragnum skuldbindingum</b>	<b>2.696.120</b>

<b>Erfðanefnd landbúnaðarins</b>	
<b>Drög að áætlun fyrir 2024</b>	
<b>Tekjur:</b>	
Óráðstafað eigið fé 1.1.2024	4.886.120
Framlag til nefndarinnar samkvæmt samningi við MAR (áætlað)	8.500.000
Endurgreiðsla frá ERFPP vegna funda (áætlað)	250.000
<b>Samtals</b>	<b>13.636.120</b>
<b>Gjöld:</b>	
LbhÍ v/ erfðalindaseturs á Hvanneyri	3.842.000
BSV v/ræktunar forystufjár, ferhyrndra og feldfjár	130.000
Styrkir	4.000.000
Auglýsing v/ styrkja Bændablaðið	80.000
Málþing	800.000
ERFP árgjald (hefur verið 800 evrur)	120.000
ERFP fundur/Birna	350.000
<b>Samtals</b>	<b>9.322.000</b>
<b>Ógreiddar eftirstöðvar styrkja:</b>	
Ógreiddar eftirstöðvar styrkja 2019	225.000
Ógreiddar eftirstöðvar styrkja 2020	165.000
Ógreiddar eftirstöðvar styrkja 2022	250.000
Ógreiddar eftirstöðvar styrkja 2023	1.550.000
<b>Samtals</b>	<b>2.190.000</b>
<b>Eigið fé:</b>	
Áætlaður rekstrarafgangur 31.12.2024	4.314.120
<b>Eigið fé að frádregnum skuldbindingum</b>	<b>2.124.120</b>

## 5. Landsáætlun 2024-2028

Rætt var um landsáætlun til næstu fimm ára og hvað verklag væri best að viðhafa endurskoðun og uppfærslu áætlunarinnar. Rætt var um að senda landsáætlun til hagaðila til yfirllesturs og athugasemda.

*Afgreiðsla: BKB falið að stofna TEAMS hóp fyrir uppfærslu landsáætlunar.*

6. Önnur mál

Rætt var um málþing erfðanefndar sem áætlað er að halda í mars um erfðatengda búfjárjúkdóma, samstarfsaðila og erindi. Hvernig við getum lært af norðmönnum varðandi þeirra gömlu nautgripakyn sem þeim hefur tekist að halda heilbrigðum og bera ávöxt af því í dag.

7. Næsti fundur

Næsti fundur verður haldin 14. febrúar kl. 13-15 á Keldnaholti

Fundi slitið kl. 15